

Fjölbrautaskóli Suðurlands
02 357

Ársreikningur 2021

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun forstöðumanns	2
Yfirlit um afkomu ársins	3
Efnahagsreikningur	4
Sjóðstreymisyfirlit	5
Skýringar	6

Fjölbautaskóli Suðurlands
kt. 491181-0289
Tryggvagötu 25, 800 Selfoss

Skýrsla og áritun forstöðumanns

Fjölbrautaskóli Suðurlands leggur áherslu á að allir séu metnir að verðleikum, njóti skilnings og beri virðingu fyrir sjálfum sér, öðrum og umhverfi sínu. Skólinn stefnir að árangursríku og fjölbreyttu skólastarfi þar sem áhersla er lögð á fagþekkingu, sköpunarhæfni og metnaðarfullt þróunarstarf.

Starfsemi stofnunarinnar fellur undir málefnasvið 20 og málaflokk 10 samkvæmt flokkun í fjárlögum.

Á árinu 2021 var ársveltan kr. 1.728,7 milljónir og afkoma kr. -73,4 milljónir. Samkvæmt efnahagsreikningi er hrein eign kr. -19,3 milljónir í árslok og eignir samtals kr. 133,0 milljónir.

Það er álit mitt að ársreikningur 2021 gefi glögga mynd af rekstri, eignum, skuldum og eiginfjárstöðu Fjölbrautaskóla Suðurlands í samræmi við lög um opinber fjármál.

Forstöðumaður staðfestir hér með ársreikning Fjölbrautaskóla Suðurlands fyrir árið 2021 með rafrænni undirritun sinni.

Olga Lís Garðarsdóttir,
skólameistari

(undirritað rafrænt)

Yfirlit um afkomu ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Tekjur			
Tekjufærsla fjárveitinga	2	1.638.664.404	1.484.215.370
Aðrar tekjur		12.782.000	9.570.000
Seld þjónusta		1.295.000	575.250
Vörusala		11.244.454	8.906.500
Framlög og ýmsar tekjur	3	49.089.742	47.417.404
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára	2	15.584.801	13.746.058
Tekjur samtals		1.728.660.401	1.564.430.582
Gjöld			
Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður	4	1.360.870.188	1.215.432.581
Annar rekstrarkostnaður	5	425.680.273	400.394.751
Afskriftir	6	15.584.801	13.746.058
Gjöld samtals		1.802.135.262	1.629.573.390
Afkoma fyrir fjármagnsliði		(73.474.861)	(65.142.808)
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)			
Vaxtatekjur, verðbætur og gengishagnaður		88.924	94.569
Vaxtagjöld, verðbætur og gengistap		(24.874)	(19.444)
		64.050	75.125
Afkoma ársins		(73.410.811)	(65.067.683)

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti yfirlits um afkomu ársins.

Efnahagsreikningur 31. desember 2021

	Skýr	31.12.2021	31.12.2020
Eignir			
Fastafjármunir			
Óefnislegar eignir	7	407.130	671.263
Varanlegir rekstrarfjármunir:	8		
Áhöld, tæki og búnaður		48.591.360	52.064.075
Farartæki og vélar		5.941.131	723.164
Fasteignir		18.785.192	19.637.104
Aðrar eignir		593.187	658.226
		<u>73.910.870</u>	<u>73.082.569</u>
		<u>74.318.000</u>	<u>73.753.832</u>
Fastafjármunir samtals			
Veltufjármunir			
Viðskiptakröfur		165.994	0
Tengdir aðilar	9	25.471.824	77.766.981
Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður	10	24.101.981	15.850.326
Handbært fé	11	8.910.116	25.295.486
		<u>58.649.915</u>	<u>118.912.793</u>
Veltufjármunir samtals			
Eignir samtals		<u>132.967.915</u>	<u>192.666.625</u>
Eigið fé og skuldir			
Eigið fé	12		
Hrein eign		(19.272.305)	54.138.506
Eigið fé samtals		<u>(19.272.305)</u>	<u>54.138.506</u>
Skuldir			
Tengdir aðilar	9	748.868	74.818
Viðskiptaskuldir		6.759.395	2.798.024
Ýmsar skammtímaskuldir	13	70.228.015	67.516.534
Frestun tekjufærslu fjárfestingarheimilda	14	74.503.942	68.138.743
		<u>152.240.220</u>	<u>138.528.119</u>
Skuldir samtals			
Eigið fé og skuldir samtals		<u>132.967.915</u>	<u>192.666.625</u>
Aðrar upplýsingar	15		

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti efnahagsreiknings.

Sjóðstreymisyfirlit ársins 2021

	Skýr	2021	2020
Rekstrarhreyfingar			
Hreint veltufé frá rekstri:			
Afkoma ársins		(73.410.811)	(65.067.683)
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	6	15.584.801	13.746.058
Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára		(15.584.801)	(13.746.058)
		<u>(73.410.811)</u>	<u>(65.067.683)</u>
Lækkun (hækkun) rekstrartengdra eigna:			
Viðskiptakröfur - aðrar skammtímakröfur		(8.417.649)	(5.115.068)
Tengdir aðilar		58.770.238	79.669.657
Hækkun (lækkun) rekstrartengdra skulda:			
Skammtímaskuldir		6.672.852	1.212.498
		<u>57.025.441</u>	<u>75.767.087</u>
		<u>(16.385.370)</u>	<u>10.699.404</u>
Handbært fé frá rekstri (til rekstrar)			
Fjárfestingarhreyfingar			
Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna	8	(16.148.969)	(21.130.752)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna		450.000	5.000
		<u>(15.698.969)</u>	<u>(21.125.752)</u>
Fjármögnunarhreyfingar			
Fjárfestingarframlag		15.698.969	21.125.752
		<u>15.698.969</u>	<u>21.125.752</u>
Hækkun (lækkun) á handbæru fé			
Handbært fé í byrjun árs		(16.385.370)	10.699.404
		<u>25.295.486</u>	<u>14.596.082</u>
		<u>8.910.116</u>	<u>25.295.486</u>

Skýringar í ársreikningi eru óaðskiljanlegur hluti sjóðstreymisyfirlits.

Skýringar

1. Yfirlit um helstu reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um opinber fjármál og ákvarðanir reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs auk þess að styðjast við ákvæði laga um ársreikninga eftir því sem við á. Hér er gerð grein fyrir helstu reikningsskilaaðferðum sem beitt er við gerð ársreikningsins. Reikningsskilin eru á rekstrargrunni að öðru leyti en sjóðstreymi sem er á greiðslugrunni.

Beitt er kostnaðarverðsreglu við reikningsskilin.

Við gerð reikningsskilanna þurfa stjórnendur að meta ýmis atriði og gefa sér forsendur um mat á eignum, skuldum, tekjum og gjöldum. Aðferðir þessar eiga sér stoð í alþjóðlegum reikningsskilastöðlum, IPSAS, ákvörðunum reikningsskilaráðs A-hluta ríkissjóðs eða styðjast við ákvæði ársreikningalaga, en raunverulegt verðmæti þeirra liða sem þannig eru metnir getur við sölu eða innlausn reynst annað en niðurstaða samkvæmt matinu.

Innlausn tekna

Tekjur af afhendingu á vörum og þjónustu til þriðja aðila eru metnar á gangvirði móttækis endurgjalds.

Tekjur af sölu vöru eru færðar þegar verulegur hluti áhættu og ávinnings af eignarhaldi hefur færst til kaupanda.

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt, nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskiptanna.

Fjárveitingar til rekstrar ársins eru færðar til tekna á árinu.

Fjárveitingar sem ætlaðar eru til fjárfestinga eru færðar til tekna þannig að þær mæti þeim kostnaði sem af fjárfestingunni hlýst í formi afskrifta, úreldingar eða sölutaps.

Gjöld

Gjöld eru færð á því tímabili þegar til þeirra er stofnað.

Aðrar tekjur

Aðrar tekjur samanstanda af innritunargjöldum.

Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru upphaflega færðar á kostnaðarverði.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru færðar á kostnaðarverði að frádreginni virðisrýrnun og niðurfærslum. Niðurfærslur eru gjaldfærðar línulega yfir líftíma eignarinnar í yfirliti um afkomu. Almennt er áætlaður nýtingartími tölvuhugbúnaðar sex til átta ár.

Óefnislegar eignir með ótakmarkaðan nýtingartíma eru ekki niðurfærðar en eru prófaðar a.m.k. árlega með tilliti til virðisrýrnunar.

Innleyst tap vegna ráðstöfunar óefnislegra eigna er fært í yfirlit um afkomu á því tímabili þegar viðskiptin eiga sér stað. Söluverð eigna og þar með söluhagnaður myndar fjárfestingarheimild og er meðhöndlað þannig.

Óefnislegar eignir með takmörkuðum líftíma eru skoðaðar a.m.k. árlega til að ákvarða hvort einhver vísending sé um virðisrýrnun. Ef endurheimtanleg fjárhæð óefnislegrar eignar er lægri en bókfært verð hennar, er bókfært verð hennar fært í endurheimtanlega fjárhæð og virðisrýrnunartap fært í yfirlit um afkomu.

Skýringar

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Liggi kostnaðarverð ekki fyrir er miðað við metið gangvirði sem kostnaðarverð. Ef eignar er aflað án endurgjalds eða gegn vægu endurgjaldi er eignin færð til tekna á gangverði, þegar gangvirði verður ákvarðað með áreiðanlegum hætti, í yfirlit um afkomu.

Afskriftir eru reiknaðar línulega miðað við áætlaðan notkunartíma einstakra hluta rekstrarfjármuna þannig að kostnaðarverði, eða matsvirði, að frádregnu niðurlagsverði sé dreift á notkunartíma eignarinnar. Afskriftaraðferð, notkunartími og niðurlagsverð eru endurmetin á uppgjörsdegi og breytt ef við á.

Áætlaður notkunartími varanlegra rekstrarfjármuna er sem hér segir eftir flokkum:

Áhöld, tæki og búnaður	3-10 ár
Farartæki og vélar	15 ár
Aðrar eignir	25 ár
Fasteignir	25 ár

Þegar bókfært verð eigna er hærra en endurheimtanlegt verð þeirra, eru eignirnar færðar niður í endurheimtanlegt verð.

Söluverð og þar með talinn söluhagnaður eigna myndar heimild til endurnýjunar eigna og er meðhöndlað sem fjárfestingarheimild. Tap af sölu eigna er mismunur á söluverði og bókfærðu verði á söludegi og er hluti af afkomu ársins.

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í yfirlit um afkomu þegar hann fellur til. Kostnaður við meiriháttar endurbætur á varanlegum rekstrarfjármunum er eignfærður þegar endurbótum er ætlað að hafa í för með sér að eignir verði hæfari til tekjuöflunar eða nýtingartími breytist. Endurbæturnar eru afskrifaðar á áætluðum endingartíma viðkomandi eigna.

Handbært fé

Handbært fé og jafngildi þess eru færð í efnahagsreikning á kostnaðarverði. Handbært fé samanstendur af sjóði og óbundnum bankainnstæðum.

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir eru skráðar eftir mati á þeim útgjöldum sem þarf til að gera upp skuldbindinguna. Skuldir sem gerast upp eftir lengri tíma en 12 mánuði, aðrar en orlofsskuldbinding, eru skráðar á núvirði áætlaðs framtíðarsjóðstreymis vegna greiðslu þeirra.

Skuldbindingar

Skuldbindingar eru framtíðarútgjöld og -skuldir í samningum sem gerðir hafa verið á reikningsskiladegi.

Skuldbindingar eru flokkaðar þannig:

- leiguskuldbinding: úppsegjanlegar rekstrarleigugreiðslur með leigutíma umfram eitt ár
- uppsegjanlegar skuldbindingar með viðurlögum eða útgöngukostnaðarákvæðum í samningi, eru færðar á því verði sem nemur viðurlögum eða útgöngukostnaði (það er lágmarks framtíðargreiðslur)

Skuldbindingar um greiðslu vaxta af skuldum, skuldbindingar um framlög og skuldbindingar sem tengjast ráðningarsamningum starfsmanna eru ekki taldar með í samantekt um skuldbindingar.

Tengdir aðilar

Tengdir aðilar er ríkissjóður og aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs.

Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

Skýringar

2021 2020

2 Tekjufærsla fjárveitinga

Fjárveiting ársins	1.638.664.404	1.484.215.370
Tekjufærsla frestaðra tekna	15.584.801	13.746.058
	<u>1.654.249.205</u>	<u>1.497.961.428</u>

Yfirlit um fjárveitingar ársins, breytingar þeirra og stöðu í árslok:

	Rekstur	Rekstrar- tilfærslur	Fjármagns- tilfærslur	Samtals
Fjárlög að frádregnum rekstrartekjum skv. fjárlögum	1.544.900.000	0	0	1.544.900.000
Launabætur	8.400.000	0	0	8.400.000
Millifært úr varasjóð	10.200.000	0	0	10.200.000
Millifærslur milli fjárlagaliða	75.164.404	0	0	75.164.404
Fjárveiting til tekna	1.638.664.404	0	0	1.638.664.404
Ráðstöfun ársins, skv. yfirliti um afkomu að frádregnum sértekjum ...	(1.712.075.215)	0	0	(1.712.075.215)
Staða fjárveitinga ársins í lok árs	(73.410.811)	0	0	(73.410.811)

2021 2020

3 Framlög og ýmsar tekjur

Leigutekjur	39.558.981	37.027.132
Framlög frá ríkisaðilum í A-hluta	5.500.000	3.070.000
Framlög frá öðrum en ríkissjóði og gjafir	1.132.258	3.454.104
Ýmsar tekjur	2.898.503	3.866.168
	<u>49.089.742</u>	<u>47.417.404</u>

2021 2020

4 Laun, launatengd gjöld og starfsmannakostnaður

Laun	1.107.662.324	982.977.694
Orlof, breyting	94.795	3.167.507
Launatengd gjöld	250.584.265	225.341.084
Starfsmannakostnaður	2.528.804	3.946.296
	<u>1.360.870.188</u>	<u>1.215.432.581</u>

Meðalfjöldi stöðugilda	99,3	99,3
------------------------------	------	------

Skýringar

	2021	2020
5 Annar rekstrarkostnaður		
Bækur, ritföng, filmur o.fl.	2.959.350	2.447.976
Byggingarvörur, almennar	788.312	538.729
Byggingarvörur, aðrar	209.703	6.252
Tæki og búnaður til innréttinga	238.834	10.937
Ýmis tæki og áhöld	2.906.189	2.908.804
Varahlutir og viðhaldsvörur	1.176.542	2.354.897
Orkugjafar	18.482.578	18.451.244
Matvæli	2.056.132	1.763.776
Almennar rekstrarvörur	4.515.465	3.703.335
Vörukaup, almenn	33.333.105	32.185.950
Kennslu- og fönðurvörur	18.710.149	7.921.460
Vörukaup, sérgreind	18.710.149	7.921.460
Fundir, námskeið, risna	1.652.149	1.455.463
Ferðir, uppihald	82.424	1.110.576
Akstur	3.269.830	4.640.524
Sérfræðiþjónusta	26.757.551	28.677.474
Innheimta, umboðs-, sölu- og þjónustugjöld	142.891	115.917
Auglýsingar og kynningarstarfsemi	814.996	321.696
Prentun, póstur, flutningar og önnur þjónusta	2.459.667	1.433.452
Funda- og ferðakostnaður, akstur og ýmis sérfræðiþjónusta	35.179.508	37.755.102
Afnotagjöld	5.978.681	3.202.204
Leigugjöld	323.589.109	304.833.854
Notkun véla og flutningatækja	318.826	927.318
Verkkaup	5.866.326	8.184.625
Kostnaðarhlutdeild	2.188.318	4.846.040
Tryggingar, lögboðnar	144.721	257.128
Opinber gjöld	161.865	191.052
Tilfærslur	209.665	90.018
Leigugjöld, verkkaup, bætur, tryggingar, opinber gjöld o.fl.	338.457.511	322.532.239
Annar rekstrarkostnaður samtals	425.680.273	400.394.751
6 Afskriftir		
Áhöld, tæki og búnaður	14.047.184	12.519.208
Farartæki og vélar	356.533	39.945
Fasteignir	851.912	851.912
Aðrar eignir	65.039	70.718
Niðurfærsla óefnislegra eigna	264.133	264.275
	15.584.801	13.746.058

Skýringar

	31.12.2021	31.12.2020
7 Óefnislegar eignir		
Óefnislegar eignir	407.130	671.263
Óefnislegar eignir greinast þannig í árslok 2021:		Hugbúnaður
Stofnverð 01.01.2021		1.320.680
		<u>1.320.680</u>
Niðurfært 01.01.2021		649.417
Niðurfærsla ársins		264.133
		<u>913.550</u>
Staða 31.12.2021		<u>407.130</u>

	31.12.2021	31.12.2020
8 Varanlegir rekstrarfjármunir		
Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:		
Áhöld, tæki og búnaður	48.591.360	52.064.075
Farartæki og vélar	5.941.131	723.164
Fasteignir	18.785.192	19.637.104
Aðrar eignir	593.187	658.226
	<u>73.910.870</u>	<u>73.082.569</u>

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir greinast þannig í árslok 2021:

	Áhöld, tæki og búnaður	Farartæki og vélar	Fasteignir	Aðrar eignir	Samtals
Staða 01.01.2021	112.659.608	817.700	21.298.226	3.119.310	137.894.844
Viðbætur á árinu	10.574.469	5.574.500	0	0	16.148.969
	<u>123.234.077</u>	<u>6.392.200</u>	<u>21.298.226</u>	<u>3.119.310</u>	<u>154.043.813</u>
Afskriftir 01.01.2021	60.595.533	94.536	1.661.122	2.461.084	64.812.275
Afskrift ársins	14.047.184	356.533	851.912	65.039	15.320.668
	<u>74.642.717</u>	<u>451.069</u>	<u>2.513.034</u>	<u>2.526.123</u>	<u>80.132.943</u>
Staða 31.12.2021	<u>48.591.360</u>	<u>5.941.131</u>	<u>18.785.192</u>	<u>593.187</u>	<u>73.910.870</u>

Skýringar

31.12.2021 31.12.2020

9 Tengdir aðilar

Viðskipti við tengda aðila eru á sömu kjörum og viðskipti við ótengda aðila.

Kröfur á tengda aðila:

Viðskiptareikningur við ríkissjóð	23.677.029	77.766.981
Aðrir ríkisaðilar í A-hluta ríkissjóðs	1.794.795	0
	<u>25.471.824</u>	<u>77.766.981</u>

Skuldir við tengda aðila:

Viðskiptareikningar við ríkisaðila í A-hluta ríkissjóðs	748.868	74.818
	<u>748.868</u>	<u>74.818</u>

10 Aðrar kröfur og fyrirframgreiddur kostnaður

Fyrirframgreiddur kostnaður	23.067.449	12.976.857
Skattar	1.034.532	2.873.469
	<u>24.101.981</u>	<u>15.850.326</u>

11 Handbært fé

Tékkareikningar	8.907.496	25.292.714
Gjaldeyriseikningar í innlendum innlánsstofnunum	2.620	2.772
	<u>8.910.116</u>	<u>25.295.486</u>

Stofnunin hefur tekið til vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð kr. 0,4 milljónir sem varðveitt er á bankareikningum á nafni stofnunarinnar en telst ekki til eigna í efnahagsreikningi.

12 Eigið fé

Yfirlit um breytingar á eiginfjárreikningum;

31.12.2021 31.12.2020

Hrein eign

Jöfnuður 1.1.	54.138.506	119.206.189
Afkoma ársins	(73.410.811)	(65.067.683)
Jöfnuður 31.12.	<u>(19.272.305)</u>	<u>54.138.506</u>

Ráðstöfun afkomu ársins og yfirfærsla eiginfjár yfir á næsta ár er háð frekari yfirferð og byggir endanleg ákvörðun á reglum sem fjármála- og efnahagsráðuneyti setur út frá 30. gr. laga um opinber fjármál í samráði við viðkomandi fagráðuneyti. Niðurstaðan verður birt í séryfirliti með ríkisreikningi.

31.12.2021 31.12.2020

13 Ýmsar skammtímaskuldir

Ógreitt orlof	50.975.559	50.880.764
Önnur ógreidd gjöld	19.252.456	16.635.770
	<u>70.228.015</u>	<u>67.516.534</u>

Skýringar

14 Frestun tekjufærslu fjárveitinga til fjárfestinga

Ríkissjóður fjármagnar rekstur stofnunarinnar, þar með taldar fjárfestingar. Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum er í eðli sínu fyrirframgreiðsla kostnaðar sem dreift er til gjalda á notkunartíma eignarinnar í formi afskrifta. Við innfærslu eignanna eru færðar frestaðar tekjur vegna fjárveitinga til fjárfestinga sem færast til tekna á eftirstöðvum notkunartíma eignanna eða falla niður við sölu eignarinnar nema söluandvirðið verði notað til endurfjárfestingar.

	31.12.2021	31.12.2020
Frestaðar tekjur vegna fjárfestingafjárveitinga	74.318.000	73.753.832
Ónotuð fjárveiting til fjárfestinga (umframráðstafað til fjárfestinga)	185.942	(5.615.089)
	<u>74.503.942</u>	<u>68.138.743</u>

	Frestaðar tekjur vegna fjárfestinga	Fjárfestinga- fjárveiting	Samtals frestaðar tekjur
Staða 01.01.2021	73.753.832	(5.615.089)	68.138.743
Fjárfestingarfjárveiting ársins	0	21.500.000	21.500.000
Söluhagnaður varanlegra rekstrarfjármuna	0	450.000	450.000
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum	16.148.969	(16.148.969)	0
Tekjufærsla frestaðra tekna	<u>(15.584.801)</u>	<u>0</u>	<u>(15.584.801)</u>
	<u>74.318.000</u>	<u>185.942</u>	<u>74.503.942</u>

Af frestuðum tekjum vegna fjárfestinga í árslok 2021 munu kr. 13,9 milljónir koma til tekna á árinu 2022.

15 Aðrar upplýsingar

Skuldbindandi samningar

Stofnunin hefur gert skuldbindandi samninga um húsnæði. Greiðslur vegna húsaleigu munu nema kr. 318,1 milljónum árið 2022.

Veðsetningar

Engar veðsetningar eru áhvílandi á eignum stofnunarinnar í árslok 2021.

Veittar ábyrgðir

Stofnunin hefur ekki gengist í ábyrgðir vegna þriðja aðila.

Óefnislegar eignir

Vegna ákvæða í lögum um ársreikninga um að óheimilt sé að eignfæra áður gjaldfærðar óefnislegar eignir eru óefnislegar eignir sem stofnað var til fyrir 1.1.2017 ekki færðar til eignar við innleiðingu á LOF.

Óefnislegar eignir stofnunarinnar felast í ýmsum hugbúnaði og lausnum þeim tengdum.

Óafturkallanleg loforð

Stofnunin hefur ekki veitt nein óafturkallanleg loforð sem hafa áhrif á framtíðarrekstur hennar.

Atburðir eftir reikningsskiladag

Engir atburðir hafa átt sér stað eftir reikningsskiladag sem hafa áhrif á fjárhagsstöðu og upplýsingar í ársreikningi.